

BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR

Ársskýrsla 2012



Sýningin: Á vertíð, þyrping verður að þorpi. Ljósmynd: Oddgeir Karlsson



Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Eini fastráðni starfsmaðurinn var Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður. Í upphafi árs kom Þorkatla Sigurðardóttir til starfa í gegnum átakið *Virk* og var hún í hlutastarfi í tvö mánuði og vann aðallega við efnisorðamótun fyrir *Fotostation*. Um sumarið voru ráðnar tvær stúlkur til að sinna Stekkjarkoti og skráningu ljósmyndasafns o.fl, þær Erla Sylvía Hauksdóttir og Sonia Duarte. Heiðrún Þórðardóttir, fornleifafræðingur aðstoðaði við fornleifafræðiverkefni safnsins í Höfnum og við ýmis verkefni, Sveinn Enok Jóhannsson vann einnig við ýmis verkefni í Ramma, þau tvö leystu síðan af í Víkingaheimum og Duushúsum og voru því aðeins að hluta hjá safninu. Tveir starfsmenn komu frá verkefninu *Vinnandi vegur*, báðir í 100% starfi en samningur var gerður frá 30 júní til eins árs við þá báða, þeir eru: Haraldur Haraldsson og Guðbjörn Friðbjörnsson.

Rekstur og styrkir

Rekstrarstaða safnsins í árslok 2012 var kr 36.405.883, þar af voru styrkir 5.875.000. Laun og launatengd gjöld voru: 9.326.165. Húsnæðiskostnaður: 20.727.727.

Átaksverkefni og sumarstarf

Virk

Þorkatla Sigurðardóttir hóf störf í janúar og var að störfum í um tvo mánuði, hennar starf var fyrst og fremst að sinna stafræna myndabankanum sem hefur lengi verið í mótun hjá bænum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að allar myndir sem starfsmenn bæjarins nota í vinnu sinni verði á einum stað í stafrænum myndabanka bæjarins.

Í upphafi árs, 2012, voru um 10 þúsund myndir komnar í safnið sem voru að mestu myndir sem starfsmenn bæjarins hafa tekið af ýmsum ástæðum í gegnum árin. Þessar myndir eru misjafnar að gæðum og mikilvægi. Skráningin var einnig nokkuð tilviljunarkennd sem hefur skapað vanda við að finna myndir í bankanum.

Enginn einn aðili hefur haft með bankann að gera en nokkur verkaskipting hefur verið að þróast í gegnum árin. Nú sér Tölvudeild Reykjanesbæjar um utanumhald vélbúnaðar og hugbúnaðar. Þjónustuborð Reykjanesbæjar sér um að taka niður myndir úr myndavélum og setja inn grunnskráningu. Þróun bankans, varðandi til dæmis leitarorð o.þ.h. hefur verið að færast til Byggðasafnsins í samvinnu við Bókasafnið. Það er hins vegar ljóst að miklu skiptir að halda vel utan um þessa vinnslu og þróun hennar.

Upphaflega hugmyndin að verkefninu var að Þorkatla myndi setja inn leitarorð á þær myndir sem ekki höfðu fengið slíka skráningu til að efla leitargetu bankans en töluvert hefur skort á að myndir finnist þrátt fyrir mikla leit. En fljótlega kom í ljós að ekki var nægilegt að bæta bara við orðum. Þar sem lítil samræming var á skráningu mynda og töluvert var um illa ígrunduð leitarorð og ranglega stafsett. Ljóst var að fara þyrfti dýpra í verkefnið til að koma því á réttan kjöl. Með góðri hjálp frá Huldu Björk Þorkelsdóttur, forstöðumanns bókasafns Reykjanesbæjar, hófst vinna við að þróa kerfi leitarorða sem ætti sér samsvörun í kerfi

bókasafna. Við lok verkefnisins var búið að setja inn myndatexta á 2000 myndir sem voru án texta.

Mikilvægt er að ljúka þessari vinnu og að fara einnig yfir alla skráningu myndatexta til að leiðrétta og lagfæra. Það er mikil vinna við að halda við svona bönkum en einnig skiptir miklu máli að unnið sé hratt enda oft beðið eftir myndum sem eru í vinnslu. Það er mikilvægt að þróa ákveðið verkferli til að flýta allri vinnu en vanda jafnframt alla skráningu. Ýmsar hugmyndir hafa kviknað um hvernig best væri að haga frumskráningu þessara gagna til að flýta og staðla skráninguna. En ekki gafst tími til að þróa þær frekar.

Verkefnin í **sumarvinnunni** voru bæði mörg og fjölbreytileg. Heiðrún mætti fyrst upp úr miðjum maí, gagnert til að sinna fornleifafræðingunum sem voru að vinna út í Höfnum við landnámskálann. Þá aðstoðaði hún við uppsetningu, sýningarinnar *Vertíðin, þyrping verður að þorpi*. Erla, Sveinn og Sonja mættu til starfa í júní, þá hófst vinna við að ganga frá Vallarsýningunni sem var undanfari Vertíðarsýningarinnar. Mikið af hlutum kom til baka í Ramma og þurfti því nokkrar tilfærslur í geymslunni til að koma öllu fyrir og uppfæra staðsetningar í safnskrá. Síðan unnu þau að tilfærslu dúkkusafns og leirmuna, komu að uppsetningu lítillar sýningar í Bókasafni, um skart fyrir karlmenn, þá var listað upp innihaldi um 300 kassa með tímaritum og prentefni, tóku við og skráðu muni og myndir frá Grími Karlssyni, unnu að undirbúningi sýningar á Ljósanótt, slætusafn Heimis Stígssonar var skráð að hluta, innrammaðar myndir flokkaðar og mældar, brotið rammagler fjarlæggt, gengið frá munum frá Tómasi Knúttssyni að hluta, hljóð- og myndbandaeign safnsins listað upp, myndir settar í sýrufri umslög, gengið frá skjalakössum í Skjalasafni, merking og frágangur á fötum, byrjað að vinna fornleifaskrá til útgáfu á vefnum, auk gestamóttöku í Stekkjarkoti, Víkingaheimum og Duushúsum.

Vinnandi vegur

Í lok júní mánaðar komu tveir starfsmenn frá átkasverkefninu *Vinnandi vegur*. Vinna þeirra hófst við ýmsar tilfærslur í safngeymslu muna, t.d. að endurraða rekkum og setja undir alla gripi sem voru á gólfi þannig að nú eru aðeins örfáir gripir á gólfi. Þeir uppfærðu staðsetningar í safnskrá, nýskráðu nokkuð af gripum, gengu frá hillum vegna gripa frá Grími Karlssyni. Tóku á móti safni þrívíddarverka frá Erlingi Jónssyni og löguðu til í því rýminu sem Latibær er einnig með geymslur. Auk þess sem þeir leystu af í Duushúsum og aðstoðuðu við uppsetningar og annað sem þörf var á viðbótarmannskap. Uppúr miðjum október hófst innskönnun myndasafns og kom Oddgeir Karlsson, ljósmyndari inn sem verktaki og skipulagði verkferlið. Í lok árs eru um 10 þúsund myndir innskannaðar en ráðgert er að opna vefgátt að safninu síðla árs 2013.

Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Forstöðumaður, sótti upplýsingafund um Sarp3 í Reykjavík 12 apríl, vofund safna á sviði þjóðminjavörslunnar í Reykjavík 13 apríl og farskóla safnmanna sem haldinn var á Akureyri dagana 19. – 22. September. Námskeið um meðferð slökkvitækja, skyndihjálpar, um árangursstjórnun, um mannauðskerfið H3, um heilsuefningu á vinnustað og um meindýr á söfnum. Þá sat forstöðumaður nokkra fundi vegna fyrirhugaðs safns um sögu *kalda-stríðsins* á vegum *Kadeco*.

Rannsóknir og fræðsla

Fornleifarannsókn, Vogur Höfnum 21. maí – 8. júní 2012

Þriðji áfangi rannsókna hófst 21. maí 2012. Það var Fornleifafræðistofan undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, sem stjórnaði rannsókninni. Aftur var gerður samningur við Háskóla Íslands um verklega kennslu fyrir fornleifafræðinema og voru sex nemendur HÍ við rannsóknina. Frá fornleifafræðistofunni komu þrjár fornleifafræðingar, einn forvörður og einn nemi á þeirra vegum. Þá var samstarf við eldfjalla- og viðarsérfræðing. Verið að skoða hvort hægt sé að vinna greiningarvinnu á beinum og sýrustigi. Nokkur sýni voru tekin í rannsókninni sem verða send utan í C14 kolefnagreiningu til aldursgreiningar.



Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur að störfum, ljósmynd Fornleifafræðistofan.

Rannsókn á skálanum er að mestu leyti lokið en nokkur atriði þarf að kanna betur. Sterkar vísbendingar eru um að skálinn hafi verið stækkaður á einhverjum tímapunkti og er þá vestari hluti hans elstur. Þar á gaflinum eru dyr sem hafa verið aflagðar og fylltar en aðrar dyr tekið við hlutverkinu. Mikilvægt er að rannsaka þetta nánar en ekki var svigrúm í þessum áfanga.

Ný og óvænt bygging fannst á rannsóknarsvæðinu. Byggingin er illa farin en ólíklegt er að hún hafi verið með burðugt þak þar sem veggirnir eru mjög mjóir. Líklegast hefur þetta verið geymsluhús. Það þarf að rannsaka þessa byggingu sérstaklega. Rétt utan við vesturgafli skálans fundust tveir seyðir (soðholur).

Þá var hinn meinti túngarður rannsakaður með tveimur þverskurðum og úr garðinum voru tekin gjóskusýni til aldursgreiningar, staðfest var að um gamlan túngarð er að ræða. Að öðru leyti fundust engar aðrar byggingar þrátt fyrir leit um allt rannsóknarsvæðið og utan þess. Eins og búist var við þá fundust ekki eins margir gripir og áður. Helstu gripirnir voru: kola, heinbrýni, eldsláttusteinar og járnhnífur, talsvert fannst af ógreinanlegu járn, dýra- og fiskibeinum.

Bjarni mun skrifa skýrslu um rannsóknina senda til Fornleifaverndar ríkisins og afhenda Þjóðminjasafni Íslands þá gripi þá sem fundust, eftir að hafa látið forverja þá.

Öllum fimmta bekk grunnskóla Reykjanesbæjar var boðið í heimsókn. Fyrst var sýningin í Víkingaheiminum skoðuð og síðan var rannsóknarsvæðið í Höfnum heimsótt. Allir skólar nýttu

sér tilboðið og um 300 grunnskólanemendur kynntust rannsókninni og störfum fornleifafræðinga. Mjög mikil ánægja var með þetta framtak.

Fjárhagsáætlun vegna rannsóknarinnar, 2012

<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>
Menningarráð Suðurnesja, styrkur: kr 1.500.000	Fornleifafræðistofan, þóknun, kr. 1.000.000
Magma Energy, styrkur: kr. 450.000	Fæði, kr. 306.868
Byggðasafn Reykjanesbæjar, framlag, kr 407.991	Vélgrafa kr. 316.260
	Forvarsla, kr. 324.863
	Akstur skólanema, kr. 60.000
	Frágangur á svæðinu, 50.000
	Eigið vinnuframlag, akstur kr. 300.000
Smt. Kr. 2.357.991	Smt. Kr. 2.357.991

Þá fékk Fornleifafræðistofan kr. 1.750.000 styrk úr Fornleifasjóði og háskólanemar unnu án launa, gisting var í boði Sóknarnefndar Kirkjuvogskirkju og Reykjanesbæ.

Sýningar og miðlun

Víkingaheimar

Sýning safnsins í Víkingaheimum á rannsóknunum í Höfnum var endurnýjuð í tengslum við að skipt var um sýningarrými og það fært niður á jarðhæð. Bætt var við gripum sem fundust vorið 2011 og nokkuð af gripum sem áður voru til sýnis voru afhentir Þjóðminjasafni til baka. Textar og myndir voru endurnýjaðir. Samningur við Þjóðminjasafn um lán á þessum gripum var endurnýjaður til skamms tíma þar sem forvörður safnsins vildi kanna hvort þessir gripir þyldu það að vera til sýnis, þar er einkum verið að hugsa um hluti úr málmum. Á haustmánuðum 2012 verður þetta kannað og kemur þá í ljóst hvort við þurfum að endurskoða sýninguna. Þá þarf að skoða hvort breyta þurfi sýningunni með tilliti til þess sem kemur í ljós við rannsóknina vorið 2012 og líklega er betra að bíða með endurbætur þar til allri rannsókninni er lokið.

Fjárhagsáætlun

<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>
Byggðasafn Reykjanesbæjar, framlag, kr. 738.788	Fornleifafræðistofan, þóknun, kr. 217.586
	Prentun og umbrot: kr. 217.586
	Þýðing á ensku: kr. 23.150
	Eigið vinnuframlag: kr. 350.000
Smt alls: kr. 738.788	Smt alls: 738.788

Þorrinn

Þorrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru afhendar 6 leikskólum Reykjanesbæjar til láns í einn sólarhring hver. Þá gátu leikskólar fengið lykil að Stekkjarkoti í viku í senn og nýttu 5 leikskólar sér það.

Ný sýning í Duushúsum: Á vertíð, þyrping verður að þorpi

Hugmyndin að sýningunni var að fara aftur í tíma og skoða upphaf þéttbýlis í tengslum við sjósókn og verslun. Notaður var einungis safnkostur Byggðasafnsins bæði er varðar gripi og myndir. Textar voru sóttir í útgefið efni, sögu sveitarfélaganna og minningabætti ýmissa einstaklinga, t.d. Mörту Valgerðar Jónsdóttur. Sýningin opnaði í sal safnsins í Duushúsum 2. júní 2012 og mun hún standa amk í 2 ár.



Frá sýningunni, ljósmynd Oddgeir Karlsson

Undirbúningur sýningarinnar hefur staðið með hléum í nokkur ár. Upp úr áramótum 2012 hófst vinnan með afmörkun efnis, ráðningu sýningahönnuðar, Ólafíu Ólafsdóttur, en ein af ákvörðunum varðandi þessa sýningu var að leita til heimamanna varðandi vinnu við sýninguna. Samið var við Staparent um umbrot og prentun, trésmíðaverkstæðið Sparra um útsetningu og smíðar, Rafvirkjaverkstæðið Geisla um ljós og lýsingu, Plexigler um prentun á plexigler og Spartlarinn um málningarvinnu. Sýningastjórn og ritstjórn var í höndum safnstjóra.

Við uppsetningu og undirbúning sýningarinnar, komu fjölmargir; iðnaðarmenn, bæjarstarfsmenn, hönnuðir og sérfræðingar um 20 manns. Sýningin heppnaðist afar vel og sýndi að heimamenn eru mjög vel færir að takast á við svona verkefni. Innihald hennar opnar gáttir til sögunnar og eykur þekkingu á djúpum sögulegum rótum þessa samfélags.

Kostnaður:

Heildarkostnaður var rúmlega 6 milljónir. sýningasalurinn er 180 fermetrar, hver fermetri kostar því tæplega 35 þúsund krónur. Ef miðað er að gestir í Duushúsum séu um 40 þúsund á ári þá er kostnaður á hvern gest tæpar 160 krónur og innan við 80 krónur miðað við tveggja ára sýningatíma.

Í nýlegri skýrslu hugmyndahóps um uppsetningu sýninga fyrir Náttúruminjasafn Íslands kemur fram að áætlað er að hver fermetri kosti 250 þúsund krónur – ef sú tala yrði notuð á sal byggðasafnsins í Duushúsum, þá myndi kosta 45 milljónir að setja þar upp sýningu.

Fjárhagsáætlun

<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>
Safnasjóður, styrkur kr. 1.600.000	Iðnaðarmenn kr. 2.143.668
Menningarráð Suðurnesja, styrkur 1.000.000	Sérfræðivinna og prentun, kr 1.463.193
Útvegsmannafélag Suðurnesja, styrkur kr. 500.000	Annað, kr. 101.141
Byggðasafn Reykjanesbæjar, framlag kr. 3.108.002	Eigið vinnuframlag, kr. 2.500.000
Smt alls: kr. 6.208.002	Smt alls: kr. 6.208.002

Mikil vinna liggur í svona sýningum og er hún iðulega unnin undir mikilli tímapressu. Það má skipta verkþáttum sýningar vinnunnar upp, til dæmis í: undirbúningur, öflun gagna, úrvinnsla, uppsetning og lok verkefni. Fyrstu tveir verkþættirnir eru að unnir af safninu en vinna utanaðkomandi hefst við úrvinnslu efnis og þá þarf oft að fara aftur í að afla efnis, en aðalvinnan er svo fólgin í uppsetningunni sjálfri.

Verkaskipting innan þess hóps sem kemur að svona verkefnum þarf að vera mjög skýr til að allt gangi upp. Í þeim sýningum sem ég hef sett upp hafa eftirfarandi verkaskipting verið: sýningastjóri, ritstjóri, sýningahönnuður, grafískur hönnuður og umbrot, iðnaðarmenn, starfsmenn sýningarinnar. Ég hef sjálf gengt starfi sýningahönnuðar, ritstjóra og verið starfsmaður sýningar. Þannig var ég í raun í fjórfaldri vinnu, safnstjóri, sýningastjóri og ritstjóri auk þess að sinna almennri safnvörslu sýningarinnar. Þótt það sé ekkert endilega neikvætt að leggja sig mikið fram þá getur þessi þráður orðið ansi þunnur og lítið þarf út af að bera til að við náum ekki að klára sýninguna á tíma innan fjárheimilda og á þeim gæðum sem við viljum að hún sé í. En þótt það hefði verið fjármagn til að ráða til dæmis ritstjóra sýningarinnar þá hefði þurft að ráða þá manneskju í fullt starf að minnsta kosti hálfu ári fyrir uppsetningu sýningarinnar. Vegna þess að stór hluti af ritstýringu sýningarinnar felur það í sér að tengja saman, muni, myndir og texta, búa til innihald, áferð sýningarinnar og vera þannig með mótaða hugmynd þegar sýningahönnuður kemur til starfa.

Sjómanna dagurinn í Duus

Tekið var þátt í dagskrá á sjómanna dag með stuttu erindi sem forstöðumaður flutti.

Á ljósanótt

Sett var upp í samvinnu við Listasafn Reykjanesbæjar og vini og vandamenn Helga S. Jónssonar sýning um lífsstarf Helga í Bíósal Duushúsanna, stóð sú sýning yfir fram í október, við opnun sýningarinnar sögðu nokkrir frá kynnum sínum af Helga.

Á bókasafni var sett upp sýning um fjallkonu bæjarins og var það liður í átaki þessara safna við að efla þekkingu á fjallkonunni og stuðnings við þá hugmynd að saumaður yrði kyrtill fyrir fjallkonu Reykjanesbæjar.

Lífið í bænum 6, var sýnt í Sambíóunum yfir helgina.

Bókasafn, samstarfsverkefni

Þann 24 október hélt Oddný Kristjánsdóttir frá Heimilisiðnarfélagi Íslands fræðsluerindi um þjóðbúningagerð á bókasafninu. Að beiðni okkar kom hún með tvo kyrtlbúninga til að sýna en hugmyndir hafa verið uppi um að safna liði til að Reykjanesbær eignist slíkan búning fyrir fjallkonuna. Auk þess sýndi byggðasafnið báða búninga fjallkonunnar í Reykjanesbæ. Gestir bókasafnsins á síðustu Ljósanótt áttu þess kost að skoða skautbúning fjallkonunnar og ýmsa hluti úr eigu byggðasafns bæjarins sem tagnist þessum búningu. Á fundinum var kannað hvort áhugi sé fyrir því að stofna hóp um þjóðbúningagerð, reyndist vera þó nokkur áhugi á þessu máli.

Gestafjöldi

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 37.038, í Víkingaheimum 13.282 og í Stekkjarkot komu 569 manns. Heildarfjöldi þeirra gesta sem taldir voru inn í hús þar sem byggðaaafnið var með sýningar árið 2012 var: 50.889

Safnkosturinn

Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 11.812 og er það fjölgun um 933 frá síðustu áramótum. Þar af eru 311 færslur vegna aðfanga sem komu frá Grími Karlssyni í samhengi við samning sem bæjaryfirvöld gerðu við hann. Þá voru 190 færslur úr fórum safnsins sem eru gripir sem hafa borist itl safnsins en ekki verið skráðir inni safnbók. Ný aðföng að frátöldu því sem kom frá Grími voru 432 færslur, munaði þar mest um gripir sem Tómas Knútsson hefur fært safninu og tengjast sögu Keflavíkurflugvallar.

Töluverð vinna var sett í að laga til í safninu í Ramma m.a. var haldið áfram að stemma af safnskránnu, í þeirri vinnu voru 16 færslur afskrifaðar en það merkir að þessir gripir finnast ekki í safninu, 12 færslur voru felldar út þar sem kom í ljós að um tvískráningu var að ræða. Gripir sem hafa ekki verið skráðir í munaskrá eru örfáir en sú regla er í safninu að allir gripir fái sína skráningu með safnnúmeri og að það númer hafi staðsetningu. Við áramótin voru 1055 númer í safninu án staðsetningu, hafði fækkað um 61 færslu frá síðasta ári.

Yfirlit yfir gefendur til safnsins, eins og skráðir í safnbók árið 2012.

Úr fórum safnsins voru gripir frá eftirfarandi skráðir:

Guðmundur A Finnbogason, 1 færsla

Guðni Magnússon, 14 færslur

Jón Pálmi Skarphéðinsson, 1 færsla

Magnús Jónsson, 1 færsla

Ólafur Jón Jónsson, 40 færslur

Sóknarnefnd Keflavíkurkirkju, 1 færsla

Án gefenda 132 færslur

Smt. 190 færslur

Ný aðföng, skráð á eftirfarandi gefendur til safnsins
Björn Ragnarsson, 1 færsla
Guðfinna Reimarsdóttir, 2 færslur
Guðlaugur Leósson, 1 færsla
Guðmunda Reimarsdóttir, 6 færslur
Gunnar Jónatansson, 1 færsla
Helga Ingólfssdóttir, 1 færsla
Íþróttabandalag Keflavíkur, 1 færsla
Jenný Emelía Olsen, 1 færsla
Jóhann Björgvin Stefánsson, 24 færslur
Jón Borgarson, 1 færsla
Jón Steinar Hermannsson, 3 færslur
Keflavíkirkirkja, 3 færslur
Lena Olsen, 2 færslur
Magnús H. Guðjónsson, 1 færsla
Ólafur Eggertsson, 14 færslur
Óli Olsen, 1 færsla
Sambíóin í Keflavík, 1 færsla
Sigurður Björn Jónsson, 13 færslur
Sigríður Ólafsdóttir, 12 færslur
Skúli Ásgeirsson, 11 færslur
Tómas Knútsson, 223 færslur
Án gefenda 109 færslur (þar af 105 færslur frá Varnarliðinu)
Smt. 432 færslur

Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú megin söfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Mikið hefur áunnist í skráningu og innskönnun mynda þetta árið.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 38.554 myndir. Þá hafa 384 færslur bæst við frá fyrra ári að öllu leyti úr fórum safnsins. Í október hófst skönnunaráttak, við áramót var búið að skanna inn 8483 myndir, var þessi vinna unnin undir leiðsögn Oddgeirs Karlssonar, ljósmyndara, en hann skipulagði skönnunina og mótaði reglur um skilgreiningar í skönnuninni.

Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 46.800 tölur og er það aukning um 384 færslunúmer en byrjað var að skrá inn slætusafn Heimis. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn valdar myndir. Ráðgert er að hefja innskönnun á árinu 2013.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þrjúþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar filmur frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.

Úr safninu voru yfirfærðar nokkrar spólur sem m.a. innihéldu efni sem búið vat til í tilefni 25 ára afmælis Keflavíkurkaupstaður árið 1974 og frá landsmót UMFÍ 1984 í Keflavík og Njarðvík.

Óformlegt samkomulag var gert við Kapitalvæðingu sem sendir út sjónvarpsefni í gegnum kapal um að sýna án endurgjalds myndaseríuna Lífið í bænum. Hugmyndir eru uppi um að búa til samning við fyrirtækið um þessar útsendingar með mögulega fjölbreyttara myndefni.

Hljóð og myndbönd

Í safninu er þó nokkuð safn af hljóðböndum í mismunandi formati 45 hljóðbönd hafa verið skráð frá tímabilinu 1948 til 1977 og 14 myndbönd frá sjöunda áratugnum, þetta efni er ekki allt ársett og á eftir að greina þetta betur.

Skjalasafn Reykjanesbæjar, SKR

Gegnið var frá öllum skjalaöskjum sem bárust frá ráðhúsinu. Skjalasafn tengt Helga S. Jónssyni var flokkað.

Reykjanesbæ 15. febrúar 2013

Sigrún Ásta Jónsdóttir